

Jóns Jónssonar, 10 kr., greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 29. nóvembermán.

Nr. 55/1880

Rjettvísín

gegn

Stýrimanni Mauritz Chr. Hansen
og skipstjóra Haraldi Lauritz
Hansen frá Svendborg

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjardarkaupstaðar, gengnum á Ísafirði 19. dag ágústmán. þ. á., voru þeir stýrimaður Mauritz Chr. Hansen og skipstjóri Harald Lauritz Hansen, báðir á skipinu «Hansine», dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyr nefndi til fangelsis við vatn og brauð í 3×5 daga, en hinn síðar nefndi til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga; svo eru þeir og skyldaðir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi er eptir beiðni hinna ákærðu og af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða, Mauritz Chr. Hansens, stýrimanns á skipinu Hansine, sem í sumar, er leið, færði vörur til kaupmanns L. A. Snorrasonar á Ísafirði, að hann hafi, bæði áður en skipið lagði á stað frá Kaupmannaböfn, á meðan það var á leiðinni til Íslands, og eptir að það var komið til Ísafjarðar, stolið ýmsu af farminum úr lestinni, svo sem: öli, kartöflum, kaffibaunum, hrísgrjónum, steinolíu og 2 tveggjapundafærum. Nokkuð af steinolíunni brúkaði hann til þess að bleyta í henni pensla, nokkuð af henni ljet hann saman við skipsforðann, og svo gjörði hann við flest hitt, er hann stal; færin geymdi hann

hjá sjálfum sjer. Prófin bera með sjer, að báðir hinir ákærðu nutu af ölinu og kartöflunum, eins og það líka virðist nægilega upplýst, að hinir stolnu munir, að undanskildum færunum, voru ætlaðir til þess að drýgja með þeim skipsforðann.

Fyrir þetta er hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, og ekki, að því sjeð verður, áður hefur sætt hegningu, með rjettu dæmdur eptir 230. gr. hegningarlaganna, en hegning sú, sem hann hefur til unnið, virðist eptir málavöxtum hæfilega metin eptir nefndri lagagrein 5 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Hinn ákærði Harald Luuritz Hansen, skipstjóri á skipinu Hansine, hefur játað, að hann hafi eptirá vitað um, og einusinni verið sjónarvottur að því, að hinn ákærði stýrimaður Hansen hafi stolið af skipsfarminum — öli, kartöflum, kaffi og steinolíu — en að hann samt sem áður hafi neytt bæði af ölinu og kartöflunum. Að vísu kveðst hann hafa sagt stýrimanni, að hann mætti ekki stela af skipsfarminum, og að það mundi ekki fara vel, en þó ljet hann við gangast, að stýrimaður hjeldi áfram áthæfi sínu, og hefði honum þó sem skipstjóra verið innan handar að afstýra því. Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki, að því sjeð verður, áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, ber að heimfæra undir 56. gr. sbr. 230. gr. almennra hegningarlaga og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, eptir atvikum hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því málskostnað snertir, þá ber hinum ákærða Mauritz Chr. Hansen að greiða allan kostnað af vörðhaldi sínu, en báðir hinir ákærðu greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan annan bæði fyrir undir- og yfirdómi af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun máls-

færslumannanna við yfirdóminn, 10 krónur til hvors þeirra.

Um iðgjöld hins stolna, sem virt hefur verið 40 kr., er ekki í þessu máli að ræða, með því sá, sem stolið var frá, ekki hefur krafizt þeirra, enda verður ekki betur sjeð, en að þau sjeu honum greidd. Rekstur málsins fyrir undirdómi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu, Mauritz Chr. Hansen og Harald Lauritz Hansen, eiga að sæta fangelsi við vatn og brauð, hinn fyrr nefndi í 5×5 daga, en hinn síðar nefndi í 2×5 daga. Svo greiði og Mauritz Chr. Hansen allan af varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, en báðir hinir ákærði lúki einn fyrir báða og báðir fyrir einn öllum öðrum af málinu löglega leiðandi kostnaði bæði fyrir undir og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desbrmán.

Nr. 48/1880

L. A. Snorrason

gegn

J. Jónssyni, Á. Ásgeirssyni

og M. Jochumsyni

Dómur:

Eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað bauð bæjarfógetinn þar 27. marzmán. þ. á. upp á uppboðsþingi til hæstbjóðanda rjett til að hafa upp-